

# Fréttapistill frá forseta Íslands

28. september 2020

Við upphaf nýrrar viku sést að brugðið getur til beggja vona í baráttu okkar við farsóttina sem nú geisar. Nú fjölga þeim sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús vegna veirunnar skæðu. Nú þarf að bíða og sjá hvernig mál þróast næstu daga, hvort nauðsynlegt reynist að herða áfram varnir gegn vágestinum. Enn hvet ég fólk til að fylgja tilmælum sóttvarnaryfirvalda, þvo sér ætíð vel um hendur, virða eins metra mannhelgi í það minnsta, halda ferðum á mannamót í hófi og þar fram eftir götunum. Að neðan birti ég mynd af mér með grímu. Í mannþröng koma grímur víst að gagni, minnka líkur á því að maður smiti hugsanlega aðra eða smitist sjálfur. Helena Reynis heitir sú sem teiknaði þessa ágætu mynd.

Og enn er viðburðum frestað eða þeir felldir alveg niður. Fram undan eru þó þættir í mínum störfum sem ekki má seinka eða láta dragast úr hófi. Síðar í dag verður ríkisráðsfundur á Bessastöðum og 1. október verður Alþingi sett.

Í nýliðinni viku var skrifum sinnt, fundir haldnir, símtöl tekin en fátt formlegra viðburða. Þriðjudaginn 22. september ræddi ég um hörrækt og búskap á Bessastöðum við Gísla Einarsson, umsjónarmann Landans í Ríkissjónvarpinu, vegna væntanlegrar umfjöllunar um þessi efni. Í forsetatíð Sveins Björnssonar var hör ræktaður um skeið á staðnum og þá var myndarþú hér. Þegar fram liðu stundir þótti ekki henta að hafa búskap á aðsetri Þjóðhöfðingja. Vorið 1968 lauk því þeim kafla í sögu staðarins. Sumir sýttu það, í Tímanum var talað um að horfinn væri búhöldur á Bessastöðum og í hans stað kæmi þurrabúðar- og tómthúsmaður. Tíminn leiddi þó í ljós að Íslendingum fannst í lagi að hér væri brugðið búi. Allt er breytingum háð, líka það sem lýtur að embætti forseta Íslands.

Enn eru tún hér heyjuð og Álftnesingar hafa hross sín í haga á Bessastaðanesi. Um leið hefur verið fyllt upp í skurði á nesinu. Þeir þjóna ekki lengur því hlutverki sem þeim var ætlað á sínum tíma. Nú er betra að endurheimta votlendið hér, binda þannig kolefni og ekki síður skapa vaðfuglum góð lífsskilyrði. Víða hefur verið að þeim sótt á höfuðborgarsvæðinu.

Ránfuglar leggja líka leið sína á Álftanesið. Um jólin í fyrra brotlenti fálkaungi hér á hlaðinu. Var þessum kvenkyns fálka sinnt og gefið nafnið Kría. Síðan fékk hún að safna kröftum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík og braggaðist vel. Nýlega bar svo við að þegar flytja átti Kríu milli búra tók hún flugið til fjalla og hefur ekki sést síðan. Hér að neðan er mynd Árna Sæbergs ljósmyndara af okkur Friðbirni Möller, umsjónarmanni fasteigna á Bessastöðum, með Kríu í góðu yfirlæti og svo er önnur af ránfuglinum að gæða sér á sínu uppáhaldsfæði, lambshjarta.

Leitt var að geta ekki vegna smitvarna sótt leik Íslands og Svíþjóðar í undankeppni Evrópumóts kvenna í knattspyrnu sem fram fór á þriðjudaginn var. Vel má una við jafnteflið sem náðist og sigur hefði jafnvel þótt sanngjarnari. Fram undan eru mikilvægar viðureignir í keppninni og óska ég landsliðinu okkar góðs gengis í þeirri baráttu.

Í nýliðinni viku bárust einnig fregnir af velgengni Ragnars Jónassonar spennusagnahöfundar á erlendum vettvangi. Þrjár bóka hans prýða nú metsölulista í Þýskalandi og er slíkt afrek fáheyrð. Ég leyfi mér að minna á að Ragnar á það sameiginlegt með öðrum farsælum höfundum, Arnaldi Indriðasyni og Yrsu Sigurðardóttur ef ég man rétt, að gagnrýnendum þótti frumraunin ekki endilega lofa góðu. Þrautseigja er dyggð!

Síðastliðið miðvikudag var Vestnorræna deginum fagnað, að mestu þó með rafrænum hætti. Færeyingar og Grænlandingar eru okkar næstu nágrannar og allra hagur að við eflum tengsl við þessar grannþjóðir okkar á öllum sviðum og vinnum saman á framabroti. Hér má sjá upplýsingar um Vestnorræna daginn á Íslandi: <https://nordichouse.is/.../vestnorræni-dagurinn-a.../>

Á fimmtudaginn var tók Eliza þátt í bókmenntaþingi í Hörpu í Reykjavík. Þar var fjallað um sagnaarf okkar Íslendinga og hvernig hann á ætíð fullt erindi í samtímaumræðu. Sendiráð Íslands í Washington, London og Ottawa og aðalræðisskrifstofur Íslands í New York og Winnipeg stóðu að viðburðinum. Hér er hægt að horfa á upptöku af þessu merka framtaki: <https://www.facebook.com/elizajeaneid/videos/317490899350577>

Binding kolefnis næst ekki aðeins hér á Bessastaðanesi með því að endurheimta mýrar og votlendi. Í fyrradag gróðursettu hressir krakkar úr Álftanesskóla birkifræ á þessum slóðum. Það verkefni hófst fyrir þremur árum í samvinnu við ræktunarsjóðinn Yrkju. Ég læt fylgja mynd af hluta hópsins á leið til starfa, með Háskólann í Reykjavík í baksýn og Skálafell enn fjær.

Þennan föstudag var gaman að rifja upp að þá voru rétt 20 ár frá því að Vala Flosadóttir vann til bronsverðlauna í stangarstökki á Ólympíuleikunum í Sydney í Ástralíu. Þar með steig hún á verðlaunapall á mestu íþróttahátíð heimsins, fyrst íslenskra kvenna. Þær eiga eftir að verða fleiri. Einatt er fetað í fótspor brautryðjenda.

Þá bárust af því fregnir á föstudaginn var að Haraldur Noregskonungur væri á sjúkrahúsi. Ég sendi konungi bestu óskir um góðan bata. Konungur átti að stýra ríkisráðsfundi ytra – þar eru þeir haldnir vikulega – en vegna hinna skyndilegu veikinda féll það í hlut Hákonar ríkisarfa. Við Eliza minnumst gestrisni og góðvildar Haraldar konungs og Sonju drottningar í opinberri heimsókn okkar til Noregs árið 2017. Í Björgvin fékk ég meðal annars að spreyta mig við viðarhögg. Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra okkar í Noregi, var þar á ferð nýverið og fékk þá að vita að erfiðið hafi skilað árangri; gólfjalirnar á mynd hér að neðan voru klofnar til úr þeim trjábútum sem ég hjó í, vísast af meira kappi en færni.

Í fyrradag náði ég í blálokin á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar í Safnahúsinu í Reykjavík. Þar var samþykkt ályktun um stöðu íslenskrar tungu og hvet ég lesendur til að kynna sér hana hér: <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun2020.pdf>. Íslenskt mál er ein meginstoð íslensks þjóðernis. Málið er okkur mikilvægt. En hver erum við í því samhengi? Að mínu mati er það fólkið sem vill búa í þessu landi, líka þeir sem hingað flytja að utan og hyggjast búa hér í sátt við aðra. Það fólk þarf aðstoð við að læra málið og við hin, sem erum borin og barnfædd hér, þurfum að sýna því skilning að sum tala með hreim og önnur beygja ekki rétt. Þröngsýni og dómharka gagnast engum, því síður neikvæðni og niðurrifstal. Ég fagna

Því að í ályktun Íslenskrar málnefndar er lögð áhersla á mikilvægi þess að skapa jákvætt viðmót til íslenskrar tungu. Það er vel hægt en vissulega þarf að benda á það sem betur má fara. Leggjum til dæmis af þann plagsið að hafa auglýsingar og upplýsingar einatt á ensku í stað íslensku eða gera ensku hærra undir höfði en íslensku. Nú er liðin rúm ein og hálf öld frá því að Stefán Gunnlaugsson landfógeti lét þessi skýru boð út ganga: „Íslensk tunga á best við í íslenskum kaupstað, hvað allir athugi!“

Ég óska lesendum velfarnaðar.